

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð um Brand Jónsson.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er til minningar um Brand Jónsson fyrrum skólastjóra Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík.

#### 2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 300 000, sem ekki má skerða.

#### 3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kennurum Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík í tengslum við stofnun Fagfélags um menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra þ. 12. apríl 1988.

Stjórn sjóðsins skal skipuð á aðalfundi fagfélagsins.

#### 4. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að taka á móti styrkjum, gjöfum, áheitum o.s.frv.

#### 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til endurmenntunar þá sem hafa atvinnu af kennslu, uppeldi og annarri þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta. Skal það gert á þann hátt sem sjóðsstjórn telur heppilegast hverju sinni.

#### 6. gr.

Styrki úr sjóðnum skal veita að jafnaði einu sinni á ári og miða hámarks úthlutun við  $\frac{1}{2}$  hluta af vöxtum af stofnfé og tekjur í samræmi við 4. gr. en  $\frac{1}{2}$  hluti leggist við höfuðstól.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins annast umsýslu fjár og skal hún sjá um ávöxtun höfuðstóls í ríkistryggðum verðbréfum og á annan hátt sem er hagkvæmastur hverju sinni.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal leggja ársreikninginn fram á aðalfundi fagfélagsins endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

#### 8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna.

#### 9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eigur hans renna til Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík.

#### 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. október 1989.*

F. h. r.  
**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*